

OECD *Multilingual Summaries*
OECD-FAO Agricultural Outlook 2012
Summary in Icelandic



Read the full book on:
10.1787/agr_outlook-2012-en

OECD-FAO – Horfur í landbúnaði 2012

Útdráttur á íslensku

- Þetta er 18. útgáfa skýrslunnar „Horfur í landbúnaði“ og sú áttunda sem er unnin í samstarfi við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
- Skýrslan byggir á sérfræðipækkingu beggja stofnana um hrávörumarkaði, stefnumótun og einstök lönd og á sjónarmiðum aðildarríkja sem tóku þátt í gerð hennar. Í henni er að finna spár um þróun á heimsmarkaði lífoldsneytis, kornvöru, olíufræja, sykurs og kjöt-, sjávar- og mjólkurafurða á tímabilinu 2012-2021. Í skýrslunni er jafnframt lagt mat á nýlega þróun og helstu úrlausnarefni og óvissuþætti á hrávörumörkuðum.
- Stofnarnir tvær notast við líkanakerfi sem þær þróuðu í sameiningu á grundvelli AGLINK-líkans OECD og COSIMO-líkans FAO til að tryggja samræmi í spánum. Sérstaklega er fjallað um það úrlausnarefni að auka framleiðsluvöxt í landbúnaði á sjálfbæran hátt.

Horfur í stuttu máli

Verð hefur lækkað eftir að hafa náð hámarki nýlega, en hækkun matvælavæðs er enn áhyggjuefni í þróunarlöndum

Í nýlegum skýrslum OECD og FAO um horfur í landbúnaði hafa stofnanirnar bent á hátt og mjög sveiflukennt verð landbúnaðarafurða og lagt áherslu á að verð muni fara lækkandi eftir því sem markaðir taki við sér, en verðlag verði samt sem áður hærra en áður sökum mikillar eftirspurnar og hækkandi aðfangakostnaðar. Eins og búist var við hefur verð tekið að lækka en er þó enn tiltölulega hátt. Hækkun matvælavæðs á smásölustigi hefur minnkað talsvert frá því að hún náði hámarki árið 2008 og hefur vægi matvælavæðs í heildarverðbólgu farið dvínandi. Samt sem áður fer matvælavæð enn mjög hækkandi í mörgum þróunarlöndum, hraðar en almennt verðlag í meirihluta þeirra landa sem könnuð voru.

Sjálfbær framleiðniaukning er lykillinn að því að mæta aukinni eftirspurn

Verðsveiflur eru enn áhyggjuefni, en breytileg afköst vegna veðurs eru helsti áhættuþátturinn svo lengi sem birgðir eru litlar. Með endurbata í uppskeru nytjaplantna hafa birgðir aukist nokkuð og minni hræringar virðast hafa verið á mörkuðum á árinu 2012. Helsta áskorunin sem landbúnaður stendur frammi fyrir á alþjóðavísu er hvernig auka má framleiðni á sjálfbærari hátt til að mæta aukinni eftirspurn eftir matvælum, fóðri, eldsneyti og trefjum.

Búist við að verðlag verði áfram hærra en áður var

Þess er vænst að nafnverð þeirra tegunda hrávöru sem fjallað er um í skýrslunni haldi áfram að leita upp á við næsta áratuginn. Raunverð (að teknu tilliti til verðbólgu) verður svipað eða lækkar frá því sem nú er, en verður samkvæmt spám að meðaltali 10%-30% hærra en áratuginn á undan.

Hækkandi orkuverð lykilforsenda í spánum

Landbúnaður víðsvegar um heim tengist orkumörkuðum í síauknum mæli. Spár um olíuverð í þjóðhagslegum forsendum eru meðaltali um USD 25 hærri en í fyrra (á bilinu USD 110 til USD 140 á tunnu á spátímabilinu). Hækkað olíuverð er grundvallaratriði í spám um hærra verð landbúnaðarafurða, sem hefur ekki einungis áhrif á oliutengdan framleiðslukostnað heldur eykur einnig eftirspurn eftir lífildsneyti og landbúnaðarhráefni sem notað er í framleiðslu þess.

Auðlindatakmarkanir og hár kostnaður setja framleiðsluvexti hömlur, þrátt fyrir hækkandi verð

Þótt verð fari hækkandi er búist við hægari framleiðsluvexti. Framleiðsluvöxtur í landbúnaði á heimsvísu hefur verið meiri en 2% á ári síðustu áratugi, en búist er við að hann lækki niður í 1,7% á ári næsta áratuginn. Þess er vænst að vaxandi auðlindatakmarkanir, umhverfislegur þrýstingur og hærri kostnaður sumra aðfanga setji framboðsviðbrögðum skorður á næstum öllum landsvæðum. Í spánni er í þessu samhengi lagt til að meiri áhersla verði lögð á aukinn sjálfbæran framleiðsluvöxt í landbúnaði.

Þróunarlönd verða áfram ráðandi í þróun markaða

Þar sem þróunarlönd hafa meiri möguleika á brjóta land undir landbúnað og auka framleiðslu verða þau aðalvaxtarbroddurinn í framleiðslu á heimsvísu til ársins 2021. Spáð er 1,9% framleiðsluvexti á ári að meðaltali í þróunarlöndum, samanborið við 1,2% í þróuðum ríkjum. Þess er vænst að fólki á jörðinni muni fjölga um 680 milljónir fram til ársins 2021 og verður hraðasti vöxturinn í Afríku og á Indlandi. Hækkandi tekjur og

Þéttbýlismyndun mun leiða til breytinga á mataræði og aukinnar neyslu unnum matvælum, fitu og dýrapróteinum. Meiri neysla verður á kjöt- og mjólkurvörum, sem skapar óbeina eftirspurn eftir grófu korni og olíufræjum í fódur handa búfænaði.

Nýmarkaðslönd munu ná stærri hlutdeild í vaxandi viðskiptum með landbúnaðarvörur

Nýmarkaðslönd munu ná vaxandi hlutdeild í auknum viðskiptum með landbúnaðarvörur. Í fararbroddi verða lönd eins og Brasilía, Indónesía, Taíland, Rússland og Úkraína, sem hafa fjárfest umtalsvert í aukinni framleiðslugetu í landbúnaði. Árið 2021 munu þróunarlönd standa að meirihluta útflutnings á hrisgrjónum, olíufræjum, jurta- og palmaolíu, unnum próteinmatvörum, sykri, nautakjöti, alifuglakjöti, fiski og fiskafurðum.

Helstu niðurstöður um hrávörumarkað

Framleiðsla og viðskipti með lífoldsneyti munu aukast

Spáð er að framleiðsla lífmetanóls og lífdísilolíu næstum tvöfaldist fram til ársins 2021 og að aukningin muni eiga sér stað einkum í Brasilíu, Bandaríkjunum og Evrópusambandinu. Lífoldsneyti er framleitt aðallega úr landbúnaðarafurðum og búist er við að vaxandi hluti heimsframleiðslu á sykurrey (34%), jurtaolíu (16%) og grófu hveiti (14%) verði nýttur til framleiðslu lífoldsneytis árið 2021.

Spáð er vaxandi tvíhliða viðskiptum með etanól milli Bandaríkjanna og Brasilíu

Vegna tiltekinna fyrirskipana stjórnvalda er gert ráð fyrir auknum viðskiptum með lífoldsneyti milli Bandaríkjanna og Brasilíu. Í spánni er gert ráð fyrir því að Bandaríkin flytji inn etanól sem framleitt er úr reyrskri aðallega frá Brasilíu, til að mæta eftirspurn innanlands vegna kröfu um notkun á annarrar kynslóðar lífoldsneyti, á meðan Brasilía myndi flytja inn etanól sem framleitt er úr maís aðallega frá Bandaríkjunum, til að mæta eftirspurn vegna mikils fjölda ökutækja sem ganga fyrir fjölblöndueldsneyti (e. flex-fuel). Þess er vænst að eftirspurn í Bandaríkjunum eftir lágblönduðu etanóleldsneyti hætti að aukast frá og með árinu 2016 vegna 10% þaks á etanólinnihaldi eldsneytis.

Svartahafssvæðið mun gegn stærra hlutverki

Hlutfall kornbirgða á móti notkun á korni verður áfram undir sögulegu meðaltali, en í því felst hætta á verðsveiflum í framtíðinni. Þess er vænst að Rússland, Úkraína og Kasakstan verði mun mikilvægari útflutningslönd á hveiti árið 2021 en nú er, en sveiflukennnd framleiðsla í þessum heimshluta kann að hafa áhrif á alþjóðaviðskipti og leiða til verðsveiflna á heimsmörkuðum. Spáð er vaxandi útflutningi á hrisgrjónum frá minnst þróðu löndunum í Asíu, en auknum innflutningi hrisgrjóna í Afríku.

Kína stærsti innflytjandinn á olíufræjum

Hefðbundin framleiðslulönd verða áfram ráðandi í framleiðslu og útflutningi á olíufræjum, en búist er við vaxandi hlut nýmarkaðslanda eins og Úkraína og Paragvæ í útflutningsvexti á heimsvísu. Meira en helmingur innflutnings olíufræja í heiminum verður frá Kína. Búist er við að hægja muni á framleiðsluvexti olíufræja í Brasilíu úr 4,9% í innan við 2% á ári á spátímabilinu.

Brasilía ráðandi á heimsmarkaði sykurs

Eftirspurn eftir sykri í matvæla- og etanólframleiðslu mun haldast til meðallangs tíma litið og viðhalda háu sykurveiði. Framleiðslusveiflur munu áfram einkenna sykurmarkaði í Asíu, sem mun af og til leiða til mikilla viðskipta- og verðsveiflna. Vegna ráðandi stöðu Brasilíu á sykurmarkaði verður skiptingin á uppskeru sykurreys milli etanóls- og sykurfarmleiðslu áfram lykilkþáttur í þróun markaðarins.

Kjötneysla eykst í þróunarlöndum

Eftirspurn eftir kjöti mun aðallega aukast í stórum hagkerfum í Asíu, útflutningslöndum hráolíu og Rómönsku Ameríku, þar sem búist er við að tekjur hækki umtalsvert. Helsti vaxtarbroddurinn verður í alifuglakjöti, sem er ódýrasta og aðgengilegasta uppspretta kjötprótíns, en neysla alifuglakjöts mun fara fram úr svínakjöti sem stærsta kjötgeiranum í lok spátímabilsins.

Hlutdeild eldisfisks verður orðin meiri en sjávarafla

Fiskframleiðsla er ein af þeim uppsprettum dýraprótíns sem vaxa hvað örast. Gert er ráð fyrir að fiskveiðar og fiskeldi muni vaxa um 15% á heimsvísu á spátímabilinu. Talið er að framleiðsla í fiskeldi muni aukast um 33% og fara fram úr hefbundnum fiskveiðum í framleiðslu fisks til mannelis áður en árinu 2018 lýkur.

Þróunarlönd verða helstu mjóllkurframleiðendur

Gert er ráð fyrir hóflegri aukningu í neyslu mjólkurafurða í þróuðum löndum að undanskildum osti og ferskum mjólkurafurðum, á meðan um 30% aukning verði á neyslu allra mjólkurafurða í þróunarlöndum fram til ársins 2021. Því er spáð að þróunarlönd muni taka fram úr þróuðum löndum í mjólkurframleiðslu á árinu 2013 og verður aukningin einkum í Kína og á Indlandi.

Tími til breytinga – horft til lengri tíma

Framleiðsla þarf að aukast um 60% fyrir árið 2050

Landbúnaðarframleiðsla þarf að aukast um 60% á næstu 40 árum til að mæta vaxandi eftirspurn eftir matvælum. Þetta þýðir 1 milljarður tonna til viðbótar af korni og 200 milljónir tonna til viðbótar af kjöti á hverju ári til ársins 2050 samanborið við 2005/2007. Aukin framleiðsla á hráefni verður einnig nauðsynleg til að mæta eftirspurn vegna vaxandi framleiðslu lífoldsneytis.

Aukin framleiðsla kallar á aukna framleiðni

Á heimsvísu eru takmörk fyrir því hve mikið landrými er hægt að nýta undir framleiðslu landbúnaðarafurða. Spár ganga út á að akurland muni aukast um aðeins 69 milljónir hektara (minna en 5%) til ársins 2050. Viðbótarframleiðslu þarf því að ná fram með aukinni framleiðni, eins og undanfarin 50 ár. Aukin framleiðni verður lykilþáttur í að halda niðri verði á matvælum vegna aukinna auðlindatakmarkana og í að tryggja matvælaöryggi í heiminum. Til meðallangs tíma litid er hægt að ná fram framleiðniaukningu með því að minnka framleiðnibilið milli þróunarlanda og þróaðra landa, en sviðsmyndagreining bendir til þess að umtalsverður hluti aukinnar hráefnisuppskeru verði notaður til framleiðslu lífoldsneytis.

Aukin sjálfbærni nauðsynleg

Á sama tíma er vaxandi þörf fyrir að auka sjálfbærni í nýtingu tiltæks lands, vatns, vistkerfa hafsins, fiskistofna, skóga og líffræðilegs fjölbreytileika. Um 25% af öllu landbúnaðarlandi er mjög illa farið af ofnýtingu og landhnignun. Vatnsskortur er orðinn alvarlegt vandamál í landbúnaði í mörgum löndum. Margir fiskistofnar hafa verið eða eiga á hættu að vera ofveiddir. Æ fleiri telja að loftslagsbreytingar og veðurhamfarir muni aukast.

Stjórnvöld þurfa að tryggja rétta starfsumgjörð

Að hvetja til betri landbúnaðarháttá, skapa rétta viðskipta-, tækni- og regluhverfið og styrkja nýsköpunarkerfi landbúnaðar (s.s. rannsóknir, menntun og aðra innviði), þ. á m. með því að koma á mótis við sértækar þarfir smærri

bænda, eru lykiláskoranir sem bent er á í skýrslunni. Einnig eru ráðstafanir til að draga úr fæðutapi og -sóun nauðsynlegar til að mæta vaxandi eftirspurn og bæta framleiðni í aðfangakeðjunni.

© OECD

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltýngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights



Read the complete English version on OECD iLibrary !

OECD/FAO (2012), *OECD-FAO Agricultural Outlook 2012*, OECD Publishing.

doi: 10.1787/agr_outlook-2012-en